

REGLUGERÐ

um Siglingamálastofnun ríkisins, skipulag, starfshætti og verkefni.

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skiptist í eftirfarandi aðalsvið og deildir:

Stjórnáslusvið:

- Fjármáladeild
- Samskiptadeild
- Upplýsinga- og fræðsludeild

Eftirlitssvið:

- Tæknideild
- Skoðunardeild

2. gr.

Siglingamálastjóri annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnun í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli.

3. gr.

Skipting verkefna milli aðalsviða og milli deilda innan hvers aðalsviðs skal vera í samræmi við skipurit Siglingamálastofnunar sem ráðherra staðfestir hverju sinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun ríkisins nr. 20/1986, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Siglingamálastofnun ríkisins, skipulag, starfshætti og verkefni nr. 184/1987.

Samgönguráðuneytið, 28. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994.

1. gr.

Grein 1.3 orðist svo:

- 1.3 Við endurnýjun aðalvélar í bátum sem hafin var smíði á fyrir gildistöku þessara reglna skal eftirgreindum búnaði breytt til samræmis við ákvæði reglnanna:
- loftrásur til vélarúms
 - lokum við eldsneytisgeyma